

5. gr.
Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda taki eigi önnur refsíákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

6. gr.
Gildissvið og -taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 156., 163. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. júlí n. k.

Samgönguráðuneytið, 16. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

**um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs,
Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggingasjóðs ríkisins
og annarra fjárfestingalánasjóða.**

1. gr.

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er, eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins skv. D-lið 13. gr. laga nr. 69/1971 er skylt að verja árlega a.m.k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til eigi skemmri tíma en 10 ára.

Ríkisféhirðir hefur með höndum afgreiðslu skuldabréfa ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingasjóðs ríkisins. Lífeyrissjóðunum er heimilt að kaupa skuldabréf annarra fjárfestingalánasjóða með fullri verðtryggingu og teljast slík kaup sem hluti ráðstöfunarskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar, fari kaupin fram innan þeirra tímamarka, er um getur í 2. gr.

2. gr.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta fjármálaráðuneytinu í té áætlun um ráðstöfunarfé sitt út árið í upphafi hvers árs og eigi síðar en 1. febrúar. Að lokinni athugun ráðuneytisins á áætlun þessari skal í samráði við viðkomandi lífeyrissjóð gerð áætlun um heildarkaup sjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum innan hvers ársfjórðungs sbr. ákv. 4. gr. Lífeyrissjóðunum er skylt að fylgja hinni staðfestu áætlun nema til komi atvik. er fallið geta undir ákv. 6. gr. þessarar reglugerðar.

Áætlun um ráðstöfunarfé skal endurskoða eigi síðar en 1. sept. ár hvert til þess að tryggja samræmi áætlunar og breytinga á ráðstöfunarfé.

3. gr.

Til ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða teljast greidd iðgjöld og greidd aukaframlög. afborganir af lánnum, greiddar vaxtatekjur, greiddar verðtryggingatekjur og greiðslur fyrir flutt réttindi til sjóðsins, að frádregnum lífeyrisgreiðslum, endurgreiddum iðgjöldum, greiðslum vegna fluttra réttinda frá sjóðnum greiddum vöxtum svo og

kostnaði við rekstur sjóðsins og öðrum útgreiðslum er ekki snerta fjárfestingu á vegum sjóðsins eða útlán.

4. gr.

Skuldabréf þau, sem fjármálaráðuneytið býður lífeyrissjóðunum til kaups, skulu verðtryggð miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Verðtrygging skuldabréfa þessara er háð því að skuldabréfin verði skráð á nafn kaupanda og eigi framseld án samþykkis skuldara. Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgana skal skuldari greiða á hverjum gjalddaga verðbót á vaxta- og afborgunargreiðslur lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu þeirrar, er gilti á útgáfudegi skuldabréfsins til gjalddaga. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir framangreint mark, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975, og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Grunnvísitala skuldabréfa þessara ákvarðast þannig: Fyrsta mánuð vísitölu-tímabilsins skal nota hina gildandi lögákveðnu vísitölu. Annan mánuð tímabilsins skal nota hina lögákveðnu vísitölu, að viðbættum eða frádregnum $\frac{1}{3}$ —einum þriðja— hluta þeirrar breytingar, er verður á hinni opinberu vísitölu frá upphafi til loka vísitölutímabilsins. Þriðja mánuð tímabilsins skal með sama hætti nota hina lögákveðnu vísitölu, en að viðbættum eða frádregnum $\frac{2}{3}$ —tveim þriðju— hlutum breytingar þeirrar, er verður á hinni opinberu vísitölu frá upphafi til loka vísitölutímabilsins.

Kaup skuldabréfa þessara fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

5. gr.

Um skil lífeyrissjóða á ársreikningum til fjármálaráðuneytisins fer skv. ákv. reglugerðar nr. 75/1974. Umsjónaraðilum fjármálaráðuneytisins með starfsemi lífeyrissjóða ber að athuga ársreikningana til að sannreyna að ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna sé í samræmi við ákvæði laga og ákvæði reglugerða sjóðanna.

6. gr.

Stjórnir einstakra lífeyrissjóða geta við sérstakar fjárhagsástæður hlutaðeigandi lífeyrissjóðs óskað lækkunar á kaunskyldu verðbréfa skv. 1. gr. Til sérstakra fjárhagsástæðna telst vanhæfi lífeyrissjóðs til að veita umsækjanda, er á 5 ára aðild að sjóðnum, lán til íbúðarbyggingar er nemur 1,5 földum dagvinnulaunum skv. 2. tæta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þau laun voru næstliðið ár, enda hafi sjóðfélaginn eigi áður notið sambærilegs láns úr lífeyrissjóði.

7. gr.

Á árinu 1978 skulu lífeyrissjóðirnir skila áætlun um ráðstöfunarfé sitt það ár eigi síðar en 31. mars.

8. gr.

Reglugerð þessi er samin samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 82 frá 31. desember 1977 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. mars 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.